

Nd.

29. Frumvarp til laga

[29. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson,
Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 800 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 5000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hluta-

skiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattýfirvalda.

Auk þessa skulu sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem lögskráðir eru eigi skemmri tíma en 9 mánuði á ári, fá sérstakan frádrátt af tekjum sínum til tekjuskatts, 90 000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, telja menn horfur á því, að þjóðarframleiðslan muni aukast um allt að 9% á árinu 1971 og þjóðartekjur enn meira, eða allt að 12%. Stafar þetta fyrst og fremst af aukningu útflutningstekna af sjávarafurðum.

Góðæri í sjávarútvegi, viðunandi aflabrogð og hátt verðlag setur svip sinn á allt þjóðlífið og gefur því hjarta heildarmynd.

Þrátt fyrir hækkandi fiskverð og batnandi hag útgerðar er þó alkunna, að erfiðlega gengur að manna fiskiflotann. Horfa menn með vaxandi ugg fram á mikla manneklu á komandi vetri. Atvinna er nú mikil um allt land og víða meiri eftirspurn en framboð á vinnuafli. Sjósókn er löngum erfið og áhættusöm við strendur landsins. Fiskafli misjafn að magni og gæðum. Tekjur sjómanna breytilegar frá ári til árs. Í slíku árferði sem nú er má eðlilegt kallast, að ýmsir hyggi á léttari vinnu í landi, sem e. t. v. tryggir þeim betri og jafnari líf skjör en sjómennskan.

Öllum má augljóst vera, hversu miklu máli skiptir, að dugandi menn veljist til starfa á fiskiflotann. Þetta er ekki stór hópur manna. Þjóðnýt störf þeirra verða ekki dregin í efa. Sérstaða þeirra er viðurkennd, sbr. t. d. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem ákveðið er, að frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum skuli draga ákveðna fjárhæð vegna hlífðarfatakostnaðar o. fl., áður en skattur er á þær lagður. Skylt er að geta þess, að hlunnindi þessi voru aukin sjómönnum í hag með lögum frá síðasta Alþingi.

Það skal fúslega viðurkennt, að allar undanþágur eru erfiðar í framkvæmd og vegna fordæmis. Ekki er þó kunnugt um, að ákvæði um sérstakan sjómannafrádrátt í skattalögum hafi sætt gagnrýni.

Ríkisstjórn sú, er nú situr, hefur boðað breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, m. a. á ákvæðum laga um beina skatta. Hefur nefnd verið sett á laggirnar í því skyni. Það frumvarp, sem hér er borið fram, stefnir að því að létta að verulegu leyti tekjuskatti af þeim mönnum, sem fiskveiðar stunda meginhluta ársins. Á hinn bóginn snertir frumvarpið ekki ákvæði laga um útsvör eða álagningargrundvöll þeirra.

Eins og áður er að vikið, eru tekjur fiskimanna oft mjög sveiflukenndar frá ári til árs. Verða greiðslur hárra tekjuskatta því oft mjög tilfínanlegar, þegar „greiðsluár“ eru mun lakari en „skattár“, hvað tekjuhæð snertir.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvaða tekjuskerðingu samþykkt þessa frumvarps kynni að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Á hitt má benda, að telja má víst, að þessi tilhögun geti fært þjóðarheildinni ómældan hagnað í aðra hönd.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja skv. framanrituðu óhjákvæmilegt að hyggja betur að bættum kjörum sjómanna í ýmsum eignum. Ekki má þó hallast á útgerðina um of, því að hún verður að standa á traustum grunni.

Þrátt fyrir verulegar kjarabætur, sem fiskimenn hafa hlotið undanfarið, mun þó full nauðsyn að bæta þar enn um. Frumvarp það, sem hér er flutt, er spor í þá átt.

Sérstaklega skal þess getið, að fjárhæð sú, sem koma skal til frádráttar skv. frumvarpinu, 90 000 kr., tekur að sjálfsgöðu breytingum í samræmi við skattvísitölu, svo sem aðrar tölur í 14. gr., sbr. 53. gr. laga nr. 68 frá 1971.